

AUGLÝSING

um friðunarsvæði, þar sem eldi frjórna laxa (*Salmo salar*) í sjókvíum er óheimilt.

1. gr.

Til verndunar villtum laxastofnum er eldi frjórna laxa í sjókvíum óheimilt á eftirtöldum svæðum við strendur landsins:

1. Í Faxaflóa innan línu sem dregin er frá Garðskaga að Malarriði á Snæfellsnesi.
2. Í Breiðafirði innan línu sem dregin er frá Hellissandi að Látrabjargi.
3. Í Húnaflóa og Skagafirði innan línu sem dregin er frá Geirólfsgrúpu að Siglunesi.
4. Við Skjálfaflóa innan línu sem dregin er frá Bjarnarfjalli að Tjörnesstá.
5. Við Norðausturland innan línu sem dregin er frá Hraunhafnartanga að Fonti á Langanesi og frá Fonti að Glettinganesi.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 3. mgr. 15. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 15. mars 2001.

Guðni Ágústsson.

Guðmundur B. Helgason.